

EFNI: Athugasemdir við minnisblaðið „Laxaseiði og hverflar í virkjunum í Neðri Þjórsá“, skrifað af Sigurði Guðjónssyni og Helga Jóhannessyni í janúar 2009.

Meðal þeirra gagna sem lögð voru fyrir verkefnisstjórn Rammaáætlunar var minnisblað um laxaseiði og hverfla, unnið árið 2009. Þetta minnisblað var ekki gert opinbert á vef Landsvirkjunar, NASF fékk ekki afrit af því á sínum tíma og við höfum haft spurnir af því að hið sama hafi gilt um Veiðifélag Þjórsár. Þetta skjal kom ekki í okkar hendur fyrr en við sáum það nefnt í svari Landsvirkjunar (31. okt. 2013) og óskuðum sérstaklega eftir að fá það sent. Þarna kemur enn einu sinni fram sá skortur á upplýsingaflæði frá Landsvirkjun sem ítrekað hefur verið kvartað yfir. NASF gerir jafnframt athugasemdir við efni minnisblaðsins, en þar er að finna villandi útreikninga og ályktanir sem eiga ekki við rök að styðjast.

Í minnisblaðinu kemur eftirfarandi fram: „Almennt er talið að saman fari mestar líkur á að fiskur lifi af ferð í gegnum vélin og að vélin sé keyrð við hámarks nýtni.“ Hvergi kemur fram hvaðan þessi fullyrðing kemur, og stangast hún algjörlega á við þær upplýsingar sem við höfum frá ráðgjöfum okkar. Dr. Margaret Filardo, sérfræðingur í laxfiskum og virkjuðum ám, hefur m.a. sagt: „Kaplan turbines on the Columbia River operate during the fish migration season within a very narrow efficiency range, which is well below the maximum energy output of each turbine. Operation outside of this range imposes additional mortality on juvenile migrants.“

Sérfræðingar NASF hafa bent á að í gögnum Landsvirkjunar sé aldrei horft til þess að meta gríðarlega mikilvægan þátt sem kallast „delayed mortality“. Þar er átt við afföll á seiðum sem drepast ekki í ferðinni í gegnum vélarnar, heldur koma lömuð og lemstruð niður þótt þau séu með einhverju líffsmarki. Stórir hópar þessara seiða drepast svo á næstu dögum eða vikum, þar sem þau hafa misst allan styrk til að standast eðlilegt álag náttúrunnar. Til er fjöldinn allur af greinum um þetta efni en hvergi er minnst á þennan þátt í minnisblaðinu, ekki frekar en í öðru efni frá Landsvirkjun.

Annað atriði sem ekki hefur fengið verðskuldaða athygli er niðurgöngutími seiða. Á hverju vori verða breytingar í líkamsstarfsemi og hegðun laxfiskaseiða sem verða þess valdandi að þau sækja niður til sjávar. Þetta tímabil varir aðeins í skamman tíma og seiði sem ekki finna sér leið til niðurgöngu innan þess tímaramma drepast flest. Lón og stíflumannvirki eru hindranir í umhverfi seiðanna og geta tafið fyrir því að þau gangi niður til sjávar þegar náttúran kallar. Við mat á afföllum seiða er ekki tekið tillit til þess fjölda sem verður innlyksa í lónum og drepst eftir að hafa ekki fundið niðurgönguleið á réttum tíma.

Í minnisblaðinu er stutt, almenn umfjöllun um áhrif þrýstingsbreytinga. Þar er kynnt jafna til að reikna afföll af laxaseiðum vegna þrýstingsbreytinga. Í textanum kemur fram að „Lagt er til að jafna (2) sé notuð þannig að ef hlutfallið Pe/Pa er stærra en 0,3 þá sé litið svo á að áhrif þrýstingsbreytinga séu hverfandi og í raun innifalin í jöfnu (1).“ Ekki er tekin afstaða til þess hvort þetta eigi við í tilfelli Þjórsárvirkjananna og ekki er unnið frekar með þessa þrýstingsútreikninga í tengslum við þær. Af því má ráða að ætlunin sé að horfa fram hjá þrýstingsbreytingum og notast einungis við jöfnu (1) til að reikna út afföll seiða. Ef sú er raunin þá hefði verið rétt að sýna niðurstöður fyrir Pe/Pa hlutfallið hjá öllum þremur virkjunum, sem rökstuðning fyrir því að fella þessa breyту út úr útreikningum á

afföllum seiða. Virkjað fall verður eftirfarandi; Hvammsvirkjun 32 metrar, Holtavirkjun 18 metrar, Urriðafossvirkjun 41 metrar.

Í niðurstöðum minnisblaðsins er því slegið fram sem staðreynd að megnið af laxaseiðunum muni aðeins þurfa að fara fram hjá einni virkjun á leið sinni til sjávar. Þetta er algjörlega úr lausu lofti gripið, þar sem stórfelldar breytingar munu verða á búsvæðum við byggingu virkjananna. Það er ómögulegt að segja til um það hvar lax sem í dag lifir á milli Urriðafossvirkjunar og Holtavirkjunar muni finna sér heimili að framkvæmdum loknum. Tilgátur um það hversu mörgum virkjunum laxar muni þurfa að fara fram hjá í framtíðinni eru því með öllu tilhæfulausar.

Í lok minnisblaðsins má finna eftirfarandi setningu: „Þá er jafnframt rétt að fá mat vélaframleiðanda á afföllum á laxaseiðum við virkjanirnar og bera saman við okkar mat.“ Ekki er ljóst hvort það hefur verið gert, en NASF hefur að minnsta kosti ekki fengið afrit af slíku mati.